

EYSTRAHORN

43. tbl. 41. árgangur

14. desember 2023

www.eystrahorn.is

Július Sigfússon sendi Eystrahorni þessa góðu mynd, sem samsett er úr 3 myndum teknar af Herði Júlíussyni í kringum árið 1960. Myndin er tekin af Hríshóli í norðaustur- og austur átt yfir það svæði þar sem nú er: Mánabraut, Dalbraut, Sunnubraut, Hólabraut, Smárabraut, og Austurbraut. Næst sjást fjárhús og hlaða Harðar Júlíussonar og Sæmundar Hallssonar. Sjá hinn helming myndarinnar á bakhlið.



GJAJA OG MINNINGARSJÓÐUR SKJÓLGARÐS

Gjafa- og minningarsjóður Skjólgarðs var stofnaður árið 2020, og starfar skv. lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Markmið stofnunarinnar skv. skipulagsskrá er að taka þátt í að fjármagna kaup á tækjum og búnaði fyrir stofnanir sem sinna heilbrigðis- og öldrunarmálum í Sveitarfélaginu Hornafirði og og stuðla að eflingu heilbrigðis- og öldrunaþjónustu í sveitarfélaginu Hornafirði með fjárframlögum í einstök verkefni, þó ekki til almenns rekstrar. Þess má geta að saga sjóðsins er mun lengri, var áður í vörslu Sýslunefndar Austur-Skaftafellssýslu og síðar Sveitarfélagsins Hornfirjarðar.

Í dag skipa stjórn sjóðsins: Sigurlaug Gissurardóttir formaður, Halldóra Bergljót Jónsdóttir og Haukur Helgi Þorvaldsson. Nýverið afgreiddi stjórnin endurskoðaðan ársreikning sjóðsins fyrir árið 2022.

Efnahagsreikningur 31. desember 2022 segir að eigið fé sjóðsins eru: 28 milljónir 393 þúsundir og 219 krónur. Rekstrartekjur: Sala minningarkorta....1100.404 kr. Innborgað gjafafé....6.997.666 kr. Annar rekstrarkostnaður....19.840 kr. Rekstrartekjur fyrir fjármagnstekjur....8.078.230 kr. Vaxtatekjur 527.493 kr. Afkoma fyrir fjármagnstekjuskatt....8.605.723 kr. Niðurstaða að fjármagnstekjuskattur....116.049 kr. Rekstrarniðurstaða ársins....8.489.674 kr.

Eina fasta tekjulind sjóðsins er sala minningarkorta og er hægt að kaupa þau í afgreiðslu Ráðhússins og eins að fara inn á netið og slá inn www.hornafjorður.is og skrolla aðeins niður forsíðuna og klicka á Minningarkort og þá getur viðkomandi keypt kortið rafrænt. Sala minningarkorta hefur verið um kr.1.milljón á ári.

Síðan koma til gjafir frá velunnurum sjóðsins sem efla hann til að geta brugðist við óskum á ýmsum tækjum og búnaði ef þörf er á til að endurnýja búnað sem fyrir er á Skjólgarði eða annars staðar og nýttast til að auka líðan vinstfólks og létta störf umönnunaraðila. Nú nýverið barst beiðni frá Skjólgarði um að fjármagna kaup á tveimur hjúkrunarrúmum með dýnum Ledljósum og gálga,tveimur náttborðum og göngugrind. Kostnaður nemur 1.073.813 kr. Var beiðnin samþykkt.

Undir lok árs 2022 barst Gjafa- og minningarsjóði vegleg gjöf í minningu Hallberu Karlsdóttur og Halldórs Vilhjálmssonar sem létu sér alla tíð mjög annat um velferð Hjúkrunarheimilisins Skjólgarðs. Vill stjórnin koma á framfæri kærum þökkum til aðstandenda þeirra Hallberu og

Halldórs fyrir þessa góðu gjöf. Blessuð sé minning þeirra!

Gjafasjóðurinn er á almannaheillaskrá. Gjafir til sjóðsins skapa rétt til skattaafsláttar hjá þeim aðilum, einstaklingum sem fyrirtækjum sem færa slíkar gjafir. Sjá nánar: <https://www.skatturinn.is/atvinnurekstur/skattskylda/almannaheillaskra-skradir-logadilar/>

Þeir sem vilja styrkja Gjafa- og minningarsjóð Skjólgarðs er bent að hafa samband við Sigurlaugu Gissurardóttur formann sjóðsins á Brunnhóli á Mýrum í síma 478 1029 eða 8671029 til að nálgast frekari upplýsingar. Unnið er að gerð heimasíðu fyrir sjóðinn þar sem birtar verða frekari upplýsingar um hann.

Virðingafyllst.

Stjórn Minningar-og gjafasjóðs Skjólgarðs.



ÞEGAR BARN KEMUR Í HEIMINN

Kvenfélagið Vaka hefur starfað frá árinu 1945, en það var stofnað það ár á sjálfan konudaginn 18.febrúar og erum við því að hefja 79. starfsár félagsins. Tilgangur félagsins frá upphafi er að sporna gegn einangrun kvenna og styrkja samfélagið. Þetta hefur í grunninn ekki breyst í árunna rás, þótt einstök verkefni og samsetning samfélagsins hafi breyst. Félagið er vettvangur fyrir konur á öllum aldri úr öllum starfstéttum og hornum samfélagsins til að koma saman, njóta samveru og samskipta og vinna saman að bættu samfélagi. En það er samnefnari kvenfélaga um allt land að vinna að fjáröflunum og safna fjármunum sem þau láta renna til þeirra í samfélaginu þar sem mest er þörfin.

Vaka hefur styrkt einstaklinga og fjölskyldur sem hafa fengið erfið og óvænt verkefni inn í líf sitt m.a. erfið og langvinn veikindi, slys sem valdið hafa varanlegri örorku eða ef ótímabært andlát hefur borið að garði. Einnig hefur félagið styrkt skólustarf með kaupum á leikföngum og kaup á heilbrigðisbúnaði og ýmis önnur samfélagsverkefni.

Nú í lok árs var tekin sú ákvörðun að setja af stað nýtt verkefni sem snýr sérstaklega að barnafjölskyldum í sveitarfélaginu. Allar konurnar í Vöku eru dætur,

mæður, ömmur og frænkur og þekki vel þá áskorun sem það er fyrir verðandi foreldra að þurfa að fara frá heimili sínu í aðdraganda fæðingar barns. Það hefur ekki verið boðið uppá fæðingarþjónustu í sveitarfélaginu okkar um árabil og þurfa því allir foreldrar að gera ráð fyrir því að þurfa að dvelja í skemmri eða lengri tíma frá heimili sínu til að vera í nágrenni fæðingarstaðs. Þetta er oft kostnaðarsamt en því miður ekki um annað að ræða. Því vill Kvenfélagið Vaka gera sitt til að létta undir með verðandi foreldrum og veita þeim fjárstyrk sem nemur einnar viku leigu í verkalyðsibúð. Mæðravernd HSU á Höfn mun vera okkur innan handar og koma upplýsingum um verkefnið til verðandi foreldra.

Helstu fjáraflanir Kvenfélagsins Vöku eru umsjón og framreiðsla veitinga við ýmsa viðburði s.s. erfidrykkjur, fundi og samkomur. Árlega er líka þriggja kvöldu spilavist í kringum jól og áramót. Einnig hefur árlega verið haldið jólaball milli jóla og nýárs en það hefur verið endurgjaldslaust. Allt starf kvenfélagskvenna er sjálfboðastarf og rennur því allur ágóði fjáraflana beint til verkefna í samfélaginu.

Við erum þakklátar fyrir öll þau verkefni sem fólkið hér í samfélaginu hefur treyst

okkur fyrir og hjálpað okkur um leið að hjálpa öðrum. Við viljum líka þakka öllum félagskonum fyrir alla vinnuna sem þær hafa lagt á sig fyrir félagið og velunnara okkar víða um sveitir og langar okkur þá helst að nefna Grænahraunsbúíð sem hefur séð okkur fyrir öllum eggjum í veitingarnar.

Við tökum alltaf nýjum kvenfélagskonum fagnandi í Kvenfélagið Vöku og hvetjum við allar þær konur sem eru forvitnar um starfið og langar til þess að vera með í þessum hressa félagsskap að endilega hafa samband á vakakvenfelagid@gmail.com eða mæta á auglýsta fundi hjá okkur. Einnig geta þau sem vilja nýta sér þjónustuna haft samband við okkur með sama hætti.

Við óskum öllum gleði og friðar um hátíðarnar um leið og við minnum á að jólaballið okkar í ár verður þann 27. desember kl 16.30 í Mánagarði og síðar sama dag, kl 20, verður fyrsta kvöld í spilavistinni. Öll hjartanlega velkomin.

Kæru Hornfirðingar nær og fjær – gleðilega hátíð og farsæld um alla framtíð

Stjórn Kvenfélagsins Vöku, Eydis Dóra, Tinna Rut og Lovisa Rósa



HEILSAN Í FYRIRRÚMI

Mikið úrval af rúmum og dýnum í

mörgum stærðum og gerðum

opið virka daga frá kl. 13:00-18:00

Opið á laugardögum fram að jólum frá kl. 13:00-15:00

verið velkomin

Húsgagnaúval

Húsgögn og gjafavörur

Símar:

478-2535 / 898-3664



Við leitum að fólki í eftirtalin störf frá 1. janúar 2024

Kennari í vélstjórn

Starfshlutfall: 50-70%

Hæfnikröfur: Fagmenntun og kennsluréttindi í framhaldsskóla (æskileg), góð samskiptahæfni og áreiðanleiki.

Áhugasamir endilega sækið um.

Helstu verkefni og ábyrgð: Kennsla og skipulag náms.

Launakjör samkvæmt stofnanasamningi við viðkomandi stéttarfélag.

Upplýsingar um störf veitir skólameistari

Lind Völundardóttir - lind@fas.is

Nýheimum | 780 Höfn | Sími 470 8070 | www.fas.is



Viltu þú taka við umsjón Eystrahorns?

Eystrahorn óskar eftir nýjum umsjónaraðila frá áramótum

Áhugasamir hafi samband í síma 6628281 eða sendið póst á netfangið eystrahorn@eystrahorn.is

Almennur Opnunartími Fab Lab

Þriðjudagar: 15:00 - 19:00
Fimmtudagar: 15:00 - 19:00

Nánari upplýsingar veitir forstöðumaður Vöruhúss
sindrinn@hornafjordur.is / sími: 470-8475



Lifandi vafn
Lifandi vafn með lífandi vafn

Dagskrá vikunnar

Almennar samkomur
sunnudaga klukkan 13:00

Bænastundir
fimmtudaga klukkan 19:30

Við hlökkum til að sjá þig

Jesús segir:
Ef nokkur þyrstir þá komi hann til mín og drekki. Þá heita Jesús sem tróir á mig munu renna lokar þessara vafna

www.lifandivafn.is



Verið velkomin í jóla
sunnudagaskóla
17. desember
kl. 11:00



FRÍÐAR KERTI

GÓÐU KERTIN FRÁ VESTMANNAEYJUM

Friðarkertin frá Vestmannaeyjum eru komin í sölu hjá prestunum. Fri heimkeysla ef keypt eru fimm eða fleiri kerti.

KR. 600



Sr. Gunnar Stigur Reysson
Sr. Karen Hjartardóttir
@bjarnanesprestakall
862 8567 / 865 3858
stigur.reysson@kirkjan.is
karen.hjartardottir@kirkjan.is



Jólahelgihald í Bjarnanesprestakalli

2023

- 22. des. Brunnhólskirkja kl. 20:00
Hátíðarstund

- 26. des. Hofskirkja kl. 11:00
Hátíðarmessa

- 24. des. Hafnarkirkja kl. 18:00
Aftansöngur

- 26. des. Kálfafellsstaðarkirkja kl. 13:30
Hátíðarstund

- 25. des. Bjarnaneskirkja kl. 14:00
Hátíðarmessa

- 31. des. Hafnarkirkja kl. 17:00
Aftansöngur

Vegna óviðráðanlegra aðstæðna verður ekki messað í öllum kirkjum prestakallsins. Við hvetjum þó alla til að sækja kirkju um jólin.



Nánari upplýsingar hér:

www.bjarnanesprestakall.is

[bjarnanesprestakall](https://www.facebook.com/bjarnanesprestakall)

**JÓLAKOKTEILA
KVÖLD**

FÖSTUDAGINN 15. DESEMBER
VERÐLAUN FYRIR BESTA JÓLA
OUTFITTIÐI

OPIÐ FRÁ 20:00 - 01:00
Í GOLFSKÁLANUM
20 ÁRA ALDURSTAKMARK

VONIA

Aðventukaffi
Með alþjóðlegu ívafi.

Sunnudaginn 17. desember
ætlum við að hafa opið
kaffihúsið hjá okkur.

- Við höfum fengið til liðs við okkur góða gesti til þess að geta boðið upp á jóla smakk frá öðrum löndum.

Jólaglög - gleði og gaman

Opið frá 14 - 17
í golfskalanum

Vonia

Pop-up rakarastofa

Siggi Halls, rakaranemi ætlar að bjarga jólunum og bjóða karlmönnum sýslunnar að kíkja til sín í golfskálann og græja fyrir þá jólaklippinguna.

Opið

Laugardaginn 16. des. milli kl 20 - 03
&
Sunnudaginn 17. des. milli kl 14 - 18

Engin þögn á staðnum

Aðventutónleikar

Arlegir aðventu og styrktartónleikar varða haldnir í Hafnarkirkju
sunnudaginn 17. desember kl 20:00
Fram koma fjöldi hornfúsra listamanna

Aðgangseyri 2500 kr.
Allur ágóði af tónleikum rennur í Samfélagssjóð Hornafjarðar

Karlakórinn Jökull



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR



HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG
Sveitarfélagið Hornafjörður

velliðan fyrir alla

Breyting á sorphirðudagatali í desember - Höfn/Nes

Breyting hefur orðið á sorphirðuáætlun á Höfn og í Nesjum í desember. Áður áætlaðar dagsetningar frá 27. desember til 29. desember hafa verið uppfærðar í nýja söfnunardaga frá 20. desember til 22. desember.

Ennfremur munum við fljótlega gefa út sorphirðudagatalið fyrir árið 2024, sem gerir þér kleift að skipuleggja sorpförgun þína fyrir næsta ár.

Change to the waste collection for Höfn/Nes in December

There will be a change in the waste collection schedule for Höfn/Nes in December. The previously scheduled dates from December 27th to December 29th have been updated to new collection dates from December 20th to December 22nd.

Furthermore, we will soon release the waste collection calendar for 2024, allowing you to plan your waste disposal for the upcoming year.



UPPSKRIFT VIKUNNAR

Felukökur, eftir Kristínu Ármanns og Kalla Guðna.

Þar sem jólin nálgast fannst okkur upplagt að senda inn smákökuuppskrift sem hefur verið bökuð hver einustu jól allan okkar búskap. Upphaflega var súkkulaðið ofan á kökunni en eftir að við eignuðumst stelpurnar okkar þá þurfti að finna leið til þess að kakan yrði öll borðuð en ekki bara súkkulaðið. Var þá tekið á það ráð að fela súkkulaðið inni í kökunni og eru þessar kökur efstar á vinsældarlistanum á heimilinu.

Við ætlum að senda boltann yfir á Maríu Hjördísi og Bergstein




Aðferð

Hitið ofninn í 180 gráður. Hræra saman smjörlíki, sykur og púðursykur. Setja eggin saman við. Vanilludropum bætt við. Þurrefnum hrært saman við. Þá er degið tilbúið og komið að því að gera litlar kútur og raða á bökunarpappír. Súkkulaðinu er svo þrýst ofaná hverja kútu og falið inni í deginu. Bakið svo kökurnar þar til þær eru orðnar passlega gullinbrúnar, eða í um það bil 8-10mínútur. Kalli segir að best sé að dýfa kökunum í kalda mjólk og njóta svo!

Hráefni

- 3 bollar hveiti
- 1 tsk matarsódi
- 1/2 tsk salt
- 1 bolli sykur
- 1 bolli mjúkt smjörlíki (við stofuhita)
- 1/2 bolli púðursykur
- 2 stk egg
- 1 tsk vanilludropar
- Nóa Sirius hnappar



ORÐALEIT

- DÆLD
- BOLÖXI
- BRÚSI
- DUNKUR
- SOÐNING
- DROLLA
- ÚTIBÚSSTJÓRI
- NÍFALT
- RÆKJUSALAT
- SVESKJUR
- KRÓKBOGINN

SPURNING VIKUNNAR

Hvað ætlar þú að borða um jólin?



Janine Arens
Hamborgarhrygg frá Ali



Kristján Rúnar Hauksson
Ég verð í Portúgal, ætli það verði ekki saltfisksógeð



Gunnar Örn Reynisson
Hamborgarhrygg



Torfi Þór Friðfinnsson
Ég ætla bara að borða mikið alla jóladagana



ÞORVALDUR ÞUSAR

Um þessar mundir virðist umræðan um niðurstöður úr nýrri Písakönnun vera þjóðinni hugleikin. Nú hafa verið birtar niðurstöður úr síðustu Písakönnun. Island stendur sig

illa. Áberandi er að drengir eru verri í les- og málskilningi en stúlkur, sem eru lakari jafnöldrum sínum annars staðar. Hvað veldur? Það eru margir þættir sem valda þessum slaka árangri. Líklegt er að færri foreldrar lesi fyrir börnin. Börn eru löngum stundum á leikskólum eða allt að níu klukkustundum á dag, sem er glórulaust. Samverustundum fjölskyldna hefur fækkað. Þetta hefur veruleg áhrif á máltöku barna. Síminn og tölvan hefur heltekið börn og unglínga. Tölvuheimur klámsins fræðir ungmenni og jafnvel börn um kynlíf og samskipti kynjanna. Tölvuleikir sem tröllríða samfélagi ungmenna og barna eru til bölvunar. Allt þetta umhverfi stuðlar ekki að lestri. Þetta stuðlar að félagslegri einangrun og þunglyndi. Námsgögn hafa verið og eru enn í sumum greinum afleið og ekki í takt við kröfur nútímans. Eg tel að slakur árangur íslenskra ungmenna sé ekki sök skólanna nema að litlu leyti. Stærri hluti vandans liggur hjá

heimilunum þar sem óheftur aðgangur að tölvu- og símanotkun er látinn afskiptalaus. Einkenni tölvuleikja er léleg- og enskuskotin íslenska. Þetta held ég að séu helstu skýringar þessa lélega árangurs.

Fjölmiðlar fjalla líka um fjöldamorðin á Gasa, sem nú virðast vera komin á það stig að flestum þjóðum blöskrar, þó ekki Bandaríkjunum samanber afstöðu þeirra á vettvangi Sameinuðu þjóðanna! Ekki verði samið um vopnahlé fyrr en allir Hamas liðar hafa verið drepnir. Þannig hljómar boðskapur ríkisstjórnar Ísraels ríkis. Spurt er: Þarf þá nokkuð að semja er þá ekki sjálfhætt! Þessi styrjöld er svo svívirðileg, mannfallið er hrikalegt og eyðileggingin svakaleg. Auk alls þessa er þjóðarbrotið hrakið fram og aftur. Skortur er á öllu svo sem mat, drykkjarvatni, lyfjum o. fl.

*Með sorgar kveðju
Þorvaldur þusari*



Austurbraut 20 Sími: 662-8281
Útgefandi: Eystrahorn ehf.
Ritstjóri og
ábyrgðarmaður: Arndís Lára Kolbrúnardóttir
Netfang: arndis@eystrahorn.is Prófarkalestur: Guðlaug Hestnes

Umbrot: Arndís Lára Kolbrúnardóttir
Prentun: Litlaprent
ISSN 1670-4126



Jólagleði í útibúi Landsbankans á Höfn

15. desember

Jólaglögg, piparkökur og mandarínur.
Lifandi tónlist frá kl: 14-15.
Hlökkum til að sjá ykkur.

